



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNARINN 132/781
Alþingi
Erindi nr. Þ 132/781
komudagur 8.2.2006

Reykjavík, 06.02.2006
JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um Verkefnasjóð sjávarútvegsins, 382. mál, 132. löggj. þing, ráðstöfun fjár.


Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 26. janúar 2006 um ofangreint málefni.

Sem kunnugt er hefur Hafrannsóknastofnunin um langt árabil notið að verulegu leyti þeirra fjármuna sem nú renna í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Annars vegar hafa fjármunir sem innheimtir hafa verið vegna upptöku ólöglegs sjávarafla (s.k. Upptökusjóður í vörslu sjávarútvegsráðuneytis) að mestu leyti runnið til starfsemi stofnunarinnar en renna nú til sjóðsins. Hins vegar var ákveðið samkvæmt lögum, að heimilt væri að landa allt að 5% afla án þess að viðkomandi hefði til þess aflaheimildir, enda rynni mestur hluti aflaandvirðis í rannsóknasjóð í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Þetta var svokallaður Hafró-sjóður sem með breyttri skipan var síðar færður úr vörslu stofnunarinnar úr stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Ljóst er að með þessari nýju skipan og breyttum reglum um úthlutun sjóðsins sem kveða á um a.m.k. 25 milljónir króna verði úthlutað til hafrannsókna á samkeppnisgrundvelli, hefur nokkuð þrengt að fjárhagslegu svigrúmi stofnunarinnar þótt segja megi að almennt séð henti ekki vel starfsemiinni að vera háð innheimtu tekna af þessu tagi.

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er á hinn bóginn ljóst að fjárhagsrammi Hafrannsóknastofnunarinnar hefur nokkuð styrkst þrátt fyrir það sem hér að ofan greinir. Það verður líka að teljast eðlilegt í ljósi þess að fyrri lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins gerðu ráð fyrir að við uppgjör hans skyldu eignir umfram skuldir renna alfarið til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Enn er þó þörf fyrir verulega aukningu rekstrarfjár vegna úthalds rannsóknaskipa.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is